

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Þórsstígur 3 og 5 og Herjólfstígur 9, breytt lega lóðarmark.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til marka Þórsstígs 3 og 5 og Herjólfstígs 9. Í breytingunni felst tilfærsla og leiðrétting á lóðarmörkum og byggingarreitum á viðkomandi lóðum. Athugasemd barst við grenndarkynningu og er hún lögð fram við afgreiðslu málsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. febrúar 2026.

Deiliskipulagsbreyting, Hestur, lóð 54, L168563, fjarlægð frá lóðarmörkum og byggingarmagn.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundasvæðisins að Hesti. Annars vegar tekur breytingin til Hests, lóðar 54, L168563, þar sem byggingarreitur er skilgreindur í 10 metra fjarlægð frá lóðarmörkum í stað 15 metra frá norðurmörkum lóðarinnar. Hins vegar tekur breytingin til almennra skilmála deiliskipulagsins er varðar byggingarheimildir fyrir aukahús og hámarksstærðir frístundahúsa. Breytingin felur í sér að kröfur um hámarksfermetrafjölda aðal- og aukahúsa eru felldar út úr greinargerð. Takmörkun á byggingarmagni miðast eingöngu við hámarksnýtingarhlutfall 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. janúar 2026.

Deiliskipulagsbreyting, Krókur, land, L219678, skilgreining svæðis.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til hluta lands Króks, nánar tiltekið Krókur, land, L219678. Í breytingunni felst að skilgreindir eru tveir byggingarreitir A1 og A2. Innan A1 er heimilt að byggja við núverandi íbúðarhús, stækkun eða bílskúr, innan A2 er heimilt að byggja hesthús/geymslu/smiðju og fjárhús allt tengt landbúnaðarstarfsemi. Jafnframt er sótt um aukið byggingarmagn.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. nóvember 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. mars 2026.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 25. mars 2026